

Jón Guðmundsson Sólnes, bankastjóri og alþingismaður Akureyri.

Afhending 2019/74

Jón Guðmundsson Sólnes var fæddur á Ísafirði 30.9.1910 og lést á Akureyri 8.6.1986. Hann var kjörsonur Edvard Gabrielsen Sólnes, útgerðarmaður f.8.6.1880, d. 27.10.1958 og Lilju Daníelsdóttur f. 24.6.1874, d. 2.12.1939.

Hann var kvæntur Ingu Pálsdóttur Sólnes f. 12.8.1910, d. 11.9.2003. Þau giftu sig 30.5.1936, áttu fimm börn og fjölda barnabarna.

Hann fékk gagnfræðiprófið á Akureyri 1926.

Sama ár hóf hann störf í útibúi Landsbanka Íslands á Akureyri og vann þar lengst af sem bókarari en var útibússtjóri 1961 – 1976. Hluta árs 1937 vann hann í Hambros Bank í London.

Jón var í bæjarstjórn Akureyrar 1946 – 1978 og aftur 1982 – 1986, var forseti bæjarstjórnar 1962 – 1966 og 1970 – 1974. Hann var formaður framkvæmdarstjórnar Brunabótafélags Íslands 1955 – 1979. Í stjórn Framkvæmdarsjóð 1966 – 1971. Í stjórn Framkvæmdarstofnunar ríkisins 1972 – 1978. Var formaður Kröflunefndar um hrið, sat á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 1969 og 1970, og sat á fundum Þingmannasamtaka Norður-Atlandshafsríkjanna 1975 – 1979.

Hann var varaþingmaður Norðurlands eystra fyrir Sjálfstæðisflokkinn í desember 1972 og mars – apríl 1974.

Hann var Alþingismaður Norðurlands Eystra fyrir Sjálfstæðisflokkinn 1974 – 1979.

Afhendingarnar með skjölum Jóns hafa borist frá Gunnari Jónssyni Sólnes syni hans. 12 afhendingar hafa borist yfir 11 ára tímabil með skjölum Sólnes fjölskyldunnar. Þessi afhending barst 15. nóvember 2019.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri.
25.5.2020.

Katrín Björg Þórisdóttir
Skjalavörður

Inga Pálsdóttir Sólnes, húsmóðir Akureyri.

Afhending 2019/74

Inga Pálsdóttir Sólnes fæddist í Reykjavík 12.8.1910, hún dó á Akureyri 11.8.2003. Foreldrar hennar voru Páll Árnason, lögregluþjónn f.24.12.1871, d. 23.4.1930 og Kristín Árnadóttir f.127.1897, d. 8.6.1958.

Inga var kvænt Jóni G. Sólnes f. 30.9.1910, d. 8.6.1986. Þau giftu sig 30.5.1936, áttu fimm börn og fjölda barnabarna.

Inga stundaði nám í Kvennaskólanum í Reykjavík.

Hún hóf störf hjá Landsíma Íslands sem símastúlka 1930 þegar að faðir hennar lést langt fyrir aldur fram. Árið 1932 var hún flutt á sírstöðina á Akureyri, þegar að tekin var í notkun sjálfvirk sírstöð í Reykjavík. Þjó hún á Akureyri alla tíð eftir það.

Hún bjó lengst af í Bjarkarstíg 4 og hélt þar myndarheimili, var þar mjög gestkvæmt og tíð veisluhöld. Eftir andlát Jóns 1986 flutti hún í Aðalstræti 65 og þar bjó hún þar sem eftir lifði.

Afhendingarnar með skjölum Ingu hafa borist frá Gunnari Jónssyni Sólnes syni hennar. 12 afhendingar hafa borist yfir 11 ára tímabil með skjölum Sólnes fjölskyldunnar. Þessi afhending barst 15. Nóvember 2019.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri.
25.5.2020.

Katrín Björg Þórisdóttir
Skjalavörður

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

Geymsluskrá

Skrán.nr.	Örk	Efni	Ath.
Inga Sólnes (1910-2003) og Jón G. Sólnes(1910-1986)			2019 / 74
A-Inga Sólnes og Jón G. Sólnes		1920 - 2002	
2019 - A / 1	1	1933- 1986	Vegabréf Ingu og Jóns
2019 - A / 1	2	1986- 1986	Samúðarkort og bréf til Ingu og Júlíusar vegna andláts Jón G. Sólnes.
2019 - A / 1	3	1939- 1992	Bankavíxlar, leigusamningar, kaupsamningar, erfðamál o.fl.
2019 - A / 1	4	1948- 1993	Einkabréf til Ingu P. Sólnes, Gunnars Sólnes, Júlíusar Sólnes og Ingu J. Sólnes, frá öðrum fjölskyldumeðlimum og vinum. Eitt bréf frá Jón G. Sólnes til Ragnar Bjarkan.
2019 - A / 1	5	1937- 1985	Útskriftarskírteini (1937); Ljósprent af fyrsta hlutabréfi Íslands (1952); Þakkarkort úr leðri (1978); Fánar (1985).
2019 - A / 1	6	1962- 1973	Tilkynning um afhendingu Íslensku Fálkaorðunnar (1962); Tilkynning um afhendingu Danska Riddarakrossins (1973). Hvoru tveggja til Jón G. Sólnes.
2019 - A / 2	1	1975- 1977	Skopmyndir af Jón G. Sólnes úr Morgunblaðinu.
2019 - A / 2	2	1990- 2002	Póstkort til Ingu.
2019 - A / 2	3	1964- 2002	Einkabréf Ingu og Jóns, til og frá ættingjum og vinum.
2019 - A / 2	4	1960- 2000	Blaðaklippa um fimmtugsafmæli Jóns (1960); Lionsfréttir með mynd af Jón framan á (1964); Félagsskírteini Jóns í Félagi eldri borgara á Akureyri og nokkur nafnspjöld (1982?); Sólnes bikarinn (1986); afmæliskort á nírræðis afmæli Jóns til Ingu (2000); Tvær orðsendingar til Ingu (ódag); Nokkrar vísur (ódag)
2019 - A / 2	5	1967- 2002	Boðskort, sætaskipan, matseðlar o.fl. úr ýmsum opinberum og einkaveislum sem að Jón og Ingu var boðið í. Ýmis skjöl varðandi ferð sendinefndar Alþingi Íslands á ráðstefnu í Englandi. Jón var í sendinefndinni (1977)
2019 - A / 2	6	1974- 1981	Bréf og yfirlit varðandi erlenda reikninga og bankaviðskipt Jóns G. Sólnes.
2019 - A / 2	7	1967- 2002	Afmæliskort og afmælissímskeyti til Ingu Sólnes Jólábref frá vinum í Brussel.
2019 - A / 2	8	1920- 1936	Skipstjóráskírteini Edvard Sólnes, föður Jóns G. (1920); Skipstjóráskírteini Edvard Sólnes, föður Jóns G (1923); Leyfisbréf til Edvards og Lilju Sólnes til ættleiðingar á Jóni G. Sólnes frá kónginum (1932); Fæðingarvottorð Jóns G. Sólnes (1932); Fæðingar- og skírnarvottorð Ingu P. Sólnes (1936); Leyfisbréf til giftingar Jóns og Ingu frá kónginum (1936); Hjúskaparvottorð Jóns og Ingu (1936).
2019 - A / 2	9	1992- 1992	Mappa með viðurkenningaskjali frá Húsfriðunarsjóði Akureyrar til Ingu fyrir húsið á Aðalstræti 65. Fimm blaðaúrklippur um að Inga hafi fengið viðurkenninguna frá Húsfriðunarsjóði Akureyri.